



Aðalfundur Framfarafélags Flateyjar

Laugardaginn 8. mars 2014

í fundarsal í KR-heimilinu við Frostaskjól

Mætt eru:

Kristinn Nikulásson (KN) (Bentshúsi), Halldór Backman (HB) (Gunnlaugshúsi), Hallbjörn S. Bergmann (HSB) (Bentshús e.hæð), Svava Sigurðardóttir (SS)(Eyjólfskúsi vestur), Heimir Sigurðsson (HS) (Skólahús vestur), Ingveldur Eyþórsdóttir (IE) (Vinaminni), Kristín Ingimarsdóttir (KI) (Sólbakka), Hörður Gunnarsson (HG) (Vesturbúðir), Kjartan Þ. Ragnarsson (KÞR) (Sólheimum), Þorgeir Kristófersson (ÞK) (Bjargi), Gyða Steinsdóttir (GS) (Sunnuhvoli), Jóhannes Gíslason (JG) (Skáleyjum), Gunnar Sveinsson (GSv) (Eyjólfskúsi vestur)

Fundarefni: samkvæmt lögum félagsins

1. Skýrsla stjórnar um störf ársins
2. Reikningar félagsins lagðir fram til umræðu og samþykktar
3. Fjárhagsáætlun ásamt tillögu um félagsgjald fyrir næsta starfsár lögð fram til umræðu og samþykktar
4. Tillögur til breytinga á lögum félagsins
5. Kosning stjórnar og formanns skv. gr. 3.1.
6. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga úr hópi annarra félaga
7. Skýrslur annarra félaga eða nefnda tengdum Flatey sem óska eftir að gera grein fyrir starfi sínu
8. Önnur mál

Formaður FF, Ingveldur Eyþórsdóttir setti fundi og bauð fundarmenn velkomna. Stungið var upp á Halldór Backman sem fundarstjóra og Gunnari Sveinssyni sem fundarritara og var það samþykkt samhljóða.

1. Skýrsla stjórnar

IE, formaður stjórnar flutti skýrslu stjórnar þar sem greint var frá helstu verkefnum stjórnar á starfsárinu. **Vetrarhátíð félagsins** var haldin 9. mars 2013 og komust færri en vildu og greinilegt er að vetrarhátíðin er komin til að vera. Umhverfisverðlaun félagsins voru veitt á Vetrarhátíðinni til Vorsala fyrir einstaklega fallett hús og snyrtilegt umhverfi. Stjórn FFF hittist að jafnaði einu sinni í mánuði yfir vetrarmánuðina. **Hreinsunarstarf** um hvítasunnu gekk vel en næg verkefni eru næsta vor m.a. að fjarlægja sjórekin kör af ströndum Flateyjar. **Brunavarnir** hafa verið mjög á döfinni undir dyggri stjórn Harðar Gunnarssonar í Vesturbúðum. Um hvítasunnu var haldin brunaæfing og komu frá Reykhólahreppi þeir Guðmundur Ólafsson slökkviliðsstjóri og Egill Sigurgeirsson formaður brunavarnarnefndar. Einnig kom út í Flatey Guðmundur Bergsson frá Eldstoðum. Brunaæfingin tókst vel undir öruggri stjórn Magnúsar í Krákuvör. Ráðgert er að GB frá Eldstoðum muni koma aftur út í eyju til ráðgjafar húseigendum um eldvarnir. Afar nauðsynlegt er að gengið verði hið fyrsta frá brunaáætlun fyrir Flatey og ýtt er á Reykhólahrepp um gerð hennar.

Sjóvarnir hafa mjög verið á döfinni enda ekki vanþörf á. HG hefur verið tengill stjórnar FFF ásamt Þorsteini Bergssyni frá Minjavernnd við sérfræðinga frá Siglingamálastofnun. Margar hugmyndir um sjóvarnir hafa verið ræddar s.s. uppbyggingu Eyjólfsbryggju, styrkingu Stóragarðs og m.fl. Fram hefur komið að samgönguáætlun gerir ráð fyrir 10,6 millj. til sjóvarna í Flatey árið 2016 og komi 87,5% af

þessari upphæð frá ríkinu en frá Reykhólahreppi 12,5%. Viðræður hafa verið við Reykhólahrepp að hreppurinn sendi erindi þar að lútandi til Samgöngustofu.

Stígagerð í Flatey hefur verið undir farsælli stjórn Heimis Sigurðssonar ásamt Svövu sem séð hefur um fjármálin en HS mun gera nánari grein fyrir framgang stígagerðar á síðasta ári hér á eftir.

Flokkun sorps í Flatey hefur verið sett á oddinn og hefur Kristín Ingimarsdóttir, Sólbakka leitt það þarfa mál enda er það hluti af grænni Flatey. Búið er að útbúa flokkunarspjald til dreifingar í öll hús í Flatey, áætlun er um að ganga snyrtilega frá brennusvæðinu og gefnar verða úr leiðbeiningar um hvað megi fara á brennuna.

Heimasíða félagsins hefur verið í örri framþróun og hefur stjórn FFF ákveðið að uppfæra síðuna en verkefnið er dýrt og innan vinnuhóps um síðuna eru uppi hugmyndir um fjáröflun til þeirra góðu verka. Heimasíðan gefur mikla möguleika á samskiptum Flateyinga, söfnum menningarlegars fróðsleiks, mynda og myndasafna sem víða leynast ásamt þeirri staðreynd að upplýsingagildi heimasíðu FFF er geysimikið.

Sameiningarmál og flutningur stjórnarsýslu Flateyjar hefur verið á döfnni á árinu og hefur KI í Sólbakka leitt það mál. Send hefur verið fyrirspurn til Guðjóns Bragasonar sviðstjóra lögfræði- og velferðarsviðs Sambands ísl. sveitarfélaga og í svari hans kemur fram að lyklatríði þessa máls eru að sveitarstjórnirnar verði sammála um breytinguna og að almennur vilji íbúa Flateyjar liggja fyrir. Viðræður við sveitarstjórnirnar (Reykhólahrepp og Stykkishólmsbæ) eru fyrirhugaðar.

Að síðustu þakkaði ÍE meðstjórnendum sínum gott samstarf og sömuleiðis ánægjuleg samskipti við félagsmenn á árinu og lýsti því jafnframt yfir að hún hyggist ekki gefa kost á sér til áframhaldandi setu sem formaður enda búin að vera í stjórn í sex ár. Þetta hefur verið ánægjulegur tími og margt hefur verið áorkað til framfara og heilla fyrir Flatey. Skýrsla stjórnar var síðan samþykkt samhljóða.

2. Reikningar félagsins lagðir fram

SS, gjaldkeri félagsins lagði fram og skýrði reikninga félagsins og einstaka lið þeirra. Samtals voru tekjur félagsins 3,27 millj þ.a. styrkur frá Framkv.sj. ferðamannastaða 1,0 millj, styrkir vegna stígagerðar 1,35 mill. Félagsgjöld námu 155 þús og aðgangseyrir Vetraráttíð 764 þús. Rekstargjöld numu samtals tæplega 3,7 millj þ.a. var kostnaður við stígagerð og tilheyrandi rúmlega 2,8 millj, kostnaður við Vetraráttíð 794 þús og annar kostnaður um 89 þús. Tap á rekstri er því 448 þús og stafar aðallega af tilfærslum tekna og kostnaðar við stígagerð milli ára. Eignir félagsins eru 843 þús aðallega inneign á bankareikningi en ógreidd félagsgjöld 20 þús. Skuldir eru engar. Reikningar félagsins eru endurskoðaðir og undirritaðar af kjörnum áriturum reikninga félagsins þeim Katrínu Baldvinsdóttir, Eyjólfshúsi og Kristni Nikulássyni, Bentshúsi.

Í umræðu um ársreikninga félagsins kom fram m.a.; *bent var á að tap hefði verið af Vetraráttíð síðasta árs um 29 þús. Spurt var um hvort öll hús í Flatey væru meðlimir í Framfarafélagi Flateyjar (ábúendur eru ekki meðlimir í FF né Sjávarslóð, RARIK bústaður, Stjórnarráðsbústaður og Skólahúsið austurendi). Lagt var til að stjórn félagsins skrifaði þeim tveimur aðilum sem skulda tveggja ára félagsgjald bréf til að ítreka greiðslu.*

Bent var á ósamræmi í niðurstöðutölum efnahagsreiknings (eignir 843.624, skuldir, eigið fé 762.393). Gjaldkera falið að finna og leiðrétta þessa villu. Reikningar Framfarafélags Flateyjar 2013 voru síðan samþykktir samhljóða.

3. Fjárhagsáætlun ásamt tillögu um félagsgjald fyrir næsta starfsár

SS, gjaldkeri félagsins kynnti og fór yfir fjárhagsáætlun FF þar sem gert er ráð fyrir tekjum að upphæð rúmlega 175 þús. Rekstrargjöld eru rúmlega 92 þús. Lagt var til að félagsgjöld yrðu óbreytt frá fyrra ári eða kr. 5.000.- fyrir hús/húshluta. Fjárhagsáætlun félagsins og tillaga um félagsgjald var samþykkt samhljóða.

Undir þessum lið fundarinn var tekin til umræðu **málefni heimasíðu Framfarafélagsins**. HS og GS skýrðu frá því að nauðsynlegt yrði að uppfæra heimasíðuna enda voru fyrstu drög hennar og uppbygging lögð fyrir fimm til sex árum. Ný útgáfa auðveldar innsetningu texta og efnis inn á

heimasíðu. Sama gildir um myndabanka, ný útgáfa gefur fleiri möguleika varðandi innsetningu mynda og myndasafna s.s. við skýringar, flettingu og koma á framfæri athugasemdum um einstakar myndir. Nauðsynlegt er því að kaupa nýja uppfærslu og einnig sölukerfi fyrir ýmsar söluvörur á vegum fjáröflunarnefndar Flateyjarkirkju og annara aðila sem hyggjast selja vörur sínar til Flateyinga. Heimasíðugerðarfyrirtækið Emstrur hefur haldið utan um tæknihlið síðunnar og hefur áætlað að kostnaður við þessa uppfærslu og endurbætur muni nema rúmlega 400 þús sem nauðsynlegt verður að afla til að ljúka þessu bráðnauðsynlega verki.

Nokkur umræða varð um heimasíðu Framfarafélagsins og hið mikilvæga hlutverk hennar í upplýsingamiðlun Flateyjar. Rætt var um fjáröflun frá ýmsum styrktaraðilum, sölu auglýsinga inn á heimasíðuna, tengingu heimasíðunnar við aðra aðila og heimasíður og efnisöflun og miðlun upplýsinga.

Fundurinn samþykkti eftirfarandi ályktun;

Fundurinn beinir þeim eindregnu tilmælum til stjórnar Framfarafélagsins að það leita eftir fjármagni til uppfærslu heimasíðu félagsins. Einn liðurinn í slíkri fjáröflun er að leita til húseigenda í Flatey um ákveðið fjárframlag til slíkrar uppfærslu og enn fremur verður leitað til fyrirtækja og annara velunnara Flateyjar um framlag.

Samþykkt samhljóða.

4. Tillögur til breytinga á lögum félagsins

Ekki komu fram neinar tillögur undir þessum lið.

5. Kosning stjórnar og formanns

Ingveldur Eyþórsdóttir formaður félagsins lýsti því yfir að hún gæfi ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og Albert Pálsson hverfur úr stjórn eftir 6 ára stjórnarsetu. Aðrir stjórnarmenn Hörður Gunnarsson, Kristín Ingimarsdóttir og Svava Sigurðardóttir gefa kost á sér til stjórnarsetu.

Samkvæmt samþykktum félagsins er kosið sérstaklega um formann félagsins en stungið var upp á Gyðu Steinsdóttir, Sunnuhvoli sem formann félagsins. Samþykkt samhljóða með lófaklappi.

Stungið var upp á Kjartani Þór Ragnarssyni, Sólheimum sem nýjum stjórnarmanni félagsins og jafnframt öðrum þremur sitjandi stjórnarmönnum. Samþykkt samhljóða með lófaklappi.

6. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

Stungið upp á áframhaldandi störfum Katrínu Baldvinsdóttir og Kristinn Nikulásson við endurskoðun og áritun reikninga félagsins. Samþykkt samhljóða með lófaklappi.

7. Skýrslur annara félaga eða nefnda tengdum Flatey

- **Kirkjustjórn/sóknarnefnd Flateyjarkirkju**

GSv greindi frá störfum kirkjustjórnar/sóknarnefndar Flateyjarkirkju.

Segja má að síðasta ár var á margan hátt verið framkvæmdaár fyrir Flateyjarkirkju og stóð þar upp úr **viðgerð á listaverkum Baltasar** í kirkjunni. Mikil vinna hefur farið í að undirbúa þetta mikla verk sem segja má að staðið hafi í fjölmörg ár. Áður en hægt væri að ráðast í þær viðgerðir var nauðsynlegt að gera kirkjuna þannig úr garði að ekki væri hætt á frekari skemmdum. Þak kirkjunnar hefur verið endurnýjar, sprunguskemmdir á kirkjunni hafa verið lagfærðar, samskeyti kirkjuturns og kirkjunnar lagfærð, hitakerfi kirkjunnar hefur verið styrkt og lagfært og skipt um alla gamla hitaofna í kirkjunni. Þetta þýðir að nú er jafn og stöðugur hiti og loftskipti ætíð í kirkjunni og komist hefur verið fyrir raka sem komið hefur á norðurhlið og í samskeytum við kirkjuturn. Jafnframt var einangrun komið fyrir yfir kirkjuhvelvingu. Eftir fjölmarga fundi með þeim ágætu hjónum Baltasar og Kristjönu og heimsókn þeirra til Flateyjar sumarið 2012 var ákveðið að þau hæfu viðgerðarverkið í september mánuði s.l. Ráðgert hafði verið að verkið tæki um 3 vikur og stóð það eins og stafur á bók. Aðstöðu

fengu þau í Byggðarenda sem Gunna Marta og Baldur lánuðu endurgjaldslaut meðan á dvöl og vinnu þeirra stóð. Magnús í Krákuvör tók að sér að vera þeirra hægri hönd varðandi verkið, aðstoð, alla aðdrætti, vatnsburð, hjálpertæki og tól sem og hvaðeina er til verksins þurfti. Luku þau hjónin upp miklu lofsorði á þessa góðu samvinnu við viðgerðarvinnuna. Hópur velunnara Flateyjarkirkju kom út í Flatey helgina fyrir komu Baltasar og Kristjönu og gerðu kirkjuna tilbúna fyrir verkið. Kirkjubekkir voru losaðir upp og færðir til, gólfyfirbreiðslum og plötum komið fyrir, orgelið pakkað inn í plast, ljósakúplar teknir niður, breitt yfir grátunnar, predikunarstól og aðra hluti í kirkjunni, rafmagnslyftivagni fyrir vinnu Baltasar komið fyrir og vinnuborðum o.fl. stillt upp fyrir viðgerðarvinnuna.

Viðgerðarvinna Baltasar og Kristjönu gekk síðan ótrúlega vel enda voru þau að verki hvern einasta dag þessar þrjár vikur en héldu sunnudaginn heilagan sem hvíldardag. Hægt er að sjá myndir Baltasar af viðgerðarvinnunni á heimasíðu Framfarafélagsins á slóðinni;

http://www.flatey.com/category/gallery/flateyjarkirkja_fyrr_og_nu

Við verklok helgina 9. – 11. október þar sem bæði þátttakendur í „*dósapressunarferð fjáröflunarnefndar*“ og „*vinnuferð Flateyjarveitna*“ voru mættir þessa helgi var haldið ánægjulegt og skemmtilegt kveðjuhóf á Myllustöðum fyrir þau hjónin. Vildi svo til að Kristjana átti afmæli þennan dag (laugardaginn 9. október) sem gerði kvöldið enn ánægjulegra og eftirminnilegra. Margar ræður og gamanmál var flutt og höfðu allir mikla skemmtan og gaman af.

Sjónvarpið sá ástæðu til að mynda þennan merka viðburð um viðgerð á listaverkum kirkjunnar og komu sjónvarpsmenn Landans út í eyju meðan á viðgerð stóð og filmuðu verkið og höfðu viðtal við þau ágætu hjón. Þetta var síðan sýnt í sjónvarpinu sunnudaginn 27. október s.l. Listaverk Flateyjarkirkju eru nú öllum til sóma og vonast er til að þau verði óskemmd um áratugi kirkjugestum, Flateyingum, Inneyingum og ferðamönnum til yndisauka og upplifunnar.

Árið 2012 var ákveðið **að gera upp og lagfæra orgelið (harmóníum)** og fá til þess orgelsmið á Stokkseyri (Björgvin Tómasson) sem þekktur er á þessu sviði til að vinna verkið. Orgelið var síðan tekið niður af kirkjuloftinu s.l. vor og vel og vandlega búið um það og sent til Stokkseyrar. Rétt er að geta þess að Sæferðir gáfu allan flutning og aðrir flutningsaðilar gáfu verulegan afslátt af flutningsgjaldi. Velunnarar kirkjunnar í Flatey eru víða og eru þeim færðar góðar þakkir. Greinlegt var að ástand orgelsins var verra en vitað var en ótrúlega vel hefur tekist til með viðgerð og „*yfirhallningu*“ alla. Í byrjun júní mánaðar var orgelið komið á sinn stað í kirkjunni og notað við fallega fermingarathöfn stuttu síðar. Tveir velunnarar kirkjunnar þússuðu síðan orgelið upp og olíubára þannig að það er sannkallað stofustáss bæði að utan og innan og mun væntanlega endast í önnur sextíu ár eins og Björgvin orgelsmiður sagði.

Þeir miklu framkvæmdamenn í stígagerð í Flatey, Heimir Sigurðsson og Helgi Haraldsson í Grænagarði voru fengnir s.l. haust **að leggja fallegan göngustíg** frá vegamótun upp að kirkju og þaðan að kirkjugarði framhá minnismarki Sigvalda Kaldalóns og einnig göngustíg með náttúrulegum tröppum upp með kirkjugarðinum við útsýnisskífu. Afar vel tókst til með alla þessa stígaframkvæmd og er hún framkvæmdaaðilum, kirkjunni og Flateyingum öllum til mikillar sóma. Þess má einnig geta að Jónsi úr Hvallátrum gaf Flatey nýja flaggstöng á minnismarki Kaldalóns og var hún reist og flaggað var í fyrsta sinn í júní byrjun.

Í lokin má greina frá því að annar velunnari kirkjunnar, Elli á Myllustöðum hefur síðan með frændum sínum og bróður málað kirkjuna alla að innan, kirkjuloftið og gólf og núna síðast olíuborið gólf kirkjunnar. Gengið verður frá rafmagni kirkjunnar á vordögum og hugað að fallegi girðingu um kirkjuna sem og gerð „*náttúrulegs kirkjutorgs*“ þar sem hinn nýi göngustígur endar fyrir framan kirkjuna nú við sumarbyrjun.

- **Fjáröflunarnefnd Flateyjarkirkju**

GSv greindi frá störfum fjáröflunarnefndar kirkjunnar á síðasta ári. 2012 lét fjáröflunarnefndin framleiða fjórar tegundir kaffibolla, afmælisdagatöl og bókamerki allt með teikningum Baltasar úr bókinni „*Síðasta skip suður*“ og hefur salan á þessum kjörgrípum gengið vonum fram og er fjáröflunarnefndin afar þakklát öllum þeim sem keypt hafa þessa „*listagrip*“ og þar með stutt dyggilega við Flateyjarkirkju. Nú í haust lét nefndin framleiða tvo nýja kaffibolla með teikningum af Voggi og Vorsölum og Ásgarði. Jafnframt fékk fjáröflunarnefndin leyfi Vestfirska forlagsins til að selja bók Jóhannes Gíslasonar úr Skáleyjum, GRÓA. Þessar nýju söluvörur nefndarinnar gengu vonum fram og seldist un 75 eintök af bók Jóa og ágætis magn af hinum nýju bollum ásamt fyrri sölugrípum. Af öðrum fjáröflunarleiðum nefndarinnar má nefna, minningarkort kirkjunnar, póstkort og Flateyjarumslag ásamt dósasöfnun Flateyjarkirkju sem skilaði ríflega 380 þús á síðasta ári sem nægir til að greiða fyrir alla olíunotkun, rafmagn og fasteignagjöld fyrir kirkjuna 2013. Öllum Flateyngum er þakkað fyrir þeirra framlag til þessarar söfnunar.

Að lokum þakkaði GSv öllum þeim fjölmörgu sem komið hafa að framgangi, uppbyggingu, viðhaldi og fjáröflun fyrir Flateyjarkirkju. Nefndi hann þar sérstaklega í hópi velunnara kirkjunnar Ólaf Gíslason úr Skáleyjum, Helga í Grænagarði, Þorgeir í Bjargi, Einar í Bjargi, Ella á Myllustöðum, Guðmund og Hafðísi á Myllustöðum og Katrínu í Eyjólfshúsi fyrir störf sín í fjáröflunarnefnd og Svönu í Krákuvör fyrir umönnun kirkjunnar í gegnum tíðina. Sérstaklega vildi GSv greina frá höfðinglegum gjöfum Sigurbjargar Þórðardóttir í Vesturbúðum en hún hefur í fjölmörg ár „*orkíðerð*“ krossa til sölu fyrir kirkjuna. Einnig sagði hann frá góðri konu úr Skáleyjum sem ekki vill láta nafn síns getið en hún hefur gefið veglegar upphæðir til kirkjunnar við fæðingu sérhvers barnabarns síns og eru þau orðin blessunarlega fjölmörg. GSv lauk þessari greinagerð sinni á frétt sem birtist í dagblaði 1944 en þar var sagt að Flateyjarkirkja þætti góð til áheita.

- **Sorpflokkun í Flatey**

Kl greindi frá verkefni sem stjórn Framfarafélagsins hefur unnað að undarförnu undir verkstjórn Kristínar. Ákveðið hefur verið að hefja sorpflokkun í Flatey á næsta vori og hafa verið útbúnar prentaðar leiðbeiningar (plöstuð spjöld af A-4 stærð) sem dreift hefur verið í öll hús í Flatey og ætlast er til að þau verði hengd upp á áberandi stað til eftirbreytni og leiðbeiningar. Haft hefur verið samráð við Reykhólahrepp, Stykkishólmsbæ og Gámafélagið um að hrinda þessu verkefni af stað í Flatey.

- **Stígagerð í Flatey**

HS dreifði á fundinum tillögum að stígagerð 2014 í Flatey. „*Tillögur um viðbætur sem unnar yrðu 2014*“. Þessar tillögur hafa fengið umfjöllun í stjórn Framfarafélagsins og framkvæmdum á sviði stígagerða forgangsraðað. Verkefnalisti þessi er eftirfarandi;

- Inn á Lundabergi; stækka „*plan*“ og setja upp útiborð
- Brennustæði; tengja saman stíga, afmarka brennustæði með grjóti og/eða mold, sá eða þökuleggja sárið (gamla brennustæðið utan afmörkunar)
- Vestan við Teinæringsvog (við hliðina á upplýsingaskilti við göngustíg); Stækka „*plan*“ og setja upp útiborð
- Tröllendi; laga stíg upp á Tröllenda (þar sem olútankur var) og setja upp útiborð
- Teinæringsvogur / bátaskýli; tvöfalda stíg frá vegi út að vegi niður með bátaskýli
- Við kirkju; koma fyrir útiborði við minnimerki Sigvalda Kaldalóns

Umsjón með þessum verkefnum verða Heimir Sigurðsson, Skólahúsi og Helgi Haraldsson, Grænagarði. Tengiliður við stjórn FFF er Svava Sigurðardóttir, Eyjólfshúsi.

Sótt verður um styrk til Vegagerðarinnar í samvinnu við Reykhólahrepp til að setja upp útiborð og bekk. Fjármunir eru enn fremur til í sjóðum FFF frá fyrra ári til framkvæmda 2014.

- **Brunavarnir í Flatey**

ÞK greindi frá verkefnum á sviði brunavarna sem unnið hefur verið að á síðasta ári. Um síðustu hvítasunnuhelgi var efnt til brunavarnaæfingar þar sem fulltrúar frá Reykhólahreppi, Egill Sigurgeirsson brunavarnarfulltrúi hreppsins og Egill Sigurgeirsson formaður brunavarna hreppsins og Guðmundur Bergsson frá Eldstoðum komu út í Flatey. Fjölmenni var við brunaæfingu þar sem brunadæla og annar búnaður til eldvarna var reyndur og prófaður. Brunavarnarfulltrúi fór í nokkur hús til að kanna og leiðbeina með brunavarnir. Ráðgert er að Guðmundur frá Eldstoðum muni koma á nýjan leik út í Flatey og fara í hús og leiðbeina um brunavarnir og skoða þær brunavarnir sem til staðar eru.

Að ráðleggingum brunavarnarfulltrúa hreppsins verður settur upp brunahani við kirkjuna og verður gengið frá tengingu og niðursetningu næsta vor. Fram kom að Minjavernd ætlar að smíða slönguskáp við brunahana við hótelið en brunaslaga er til staðar.

Í umræðu um brunavarnir kom m.a. fram; *brunavarnir í húsum í Flatey, hvað brunavarnir eru til staðar, reykskynjarar, slökkvitæki og af hvað tegund, eldvarnarteppi, flóttaleiðir úr húsum og brunastigar, reglulegar brunaæfingar og hugsanleg aðkoma tryggingarfélaga með útvegum brunavarnatækja. Einnig var rætt um slysavarnir, námskeið um slysavarnir og endurlífgun, hjálp í viðlögum, hjartastuðtækið í Flatey og sjúkrakassann.*

Stjórn Framfarafélags Flateyjar færði Heimi Sigurðssyni bókindgjöf (Ljóðabókin Hlein eftir Einar Steinþórsson í Bræðraminni) sem þakkklættisvott fyrir frábær störf fyrir Flateyinga og framgang og stjórn stígagerðar í Flatey og tóku fundarmenn undir með dynjandi lófataki.

8. Önnur mál

- **Skrif um Flateyjarveitur og húsin í Flatey**

Framsögn Jóhannesar Gíslasonar í Skáleyjum um sögu Flateyjar eftir að Eylendu sleppir 1996 fór fram á aðalfundi Flateyjarveitna undir liðnum önnur mál en rétt þótt að setja þessa framsögn og umræðu undir aðalfund Framfarafélagsins þar sem þessi mál heyra til.

Jóhannes í Skáleyjum gerði grein fyrir skrifum sínum um Flateyjarveitur, sögu hennar og aðbúnað en skrif þessi munu birtast í Árbók Barðastrandarsýslu sem gefin verður út á árinu. Skrif þessi eru jafnframt almenn lýsing á sögu Flateyjar frá því Eylendu sleppir og nokkuð fyrir þann tíma (1996) til að fá samfellu í sagnaritun þessa. Greint verður frá sögu einstakra húsa á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar og fram til líðandi stundar, sögu atvinnulífs, endurreisn og hnignun í Flatey, starfssemi félaga Flateyinga og aðkoma þeirra að endurreisn samfélagsins í eyjunni.

HS lagði til að stjórn Flateyjarveitna fengi að lesi yfir skrifin um Flateyjarveitur áður en til birtingar kemur.

JG fór síðan inn á hreppapólitík og stöðu Reykhóla gagnvart Flatey og hugmyndir manna um flutning stjórnsýslu frá Reykhólum til Stykkishólms. Taldi hann rétt að horfa til norðurhluta Breiðafjarðar og hinn forna Eyjahrepp sem og náttúru og umhverfi Flateyjar og Inneyja í samhengi við landfræðileg tengsl við Reykhóla og Reykhólahrepp í heild sinni. Varpaði hann fram þeirri spurningu hvað væri að ávinnast með tilflutningi sveitarstjórnarmála Flateyjar frá Reykhólum til Stykkishólms. Greindi hann frá sögu sameiningar Flateyjarhrepps við Reykhólahrepp 1987 og ástæður fyrir því að af þessari sameiningu varð. Minntist hann á nafngift þessa sameiginlega hrepps sem væri e.t.v. ekki lýsandi fyrir landfræðilegri samsetningu hreppshluta hans.

All miklar umræður urðu um þessar hugmyndir um flutning stjórnsýslu frá Reykhólum þar sem fram kom m.a.; *Sagt var frá þeim sjónarmiðum sem urðu ofan á við sameiningu Flateyjarhrepps við Reykhóla á sínum tíma þar sem eyjamenn voru ekki sammála um sameininguna. Rök voru færð fram fyrir flutning stjórnsýslu Flateyjar til Stykkishólms eins og; Núverandi samgöngur við Flatey eru til og frá Stykkishólmi og flest þjónusta er þaðan, veik fjárhagsleg staða hins tiltölulega „litla“ Reykhólahrepps, skipulagmál hugsanlega betur sinnt af stærra sveitarfélagi. Staðreynd er að meiri og vaxandi kröfur íbúa og húseigenda eru til sveitarfélaga um bætta þjónustu og umsýslu. Umræða varð*

um sorphirðu og tilvonandi sorphlokkun í Flatey en Stykkishólmur sér um sorphirðu úr Flatey að beiðni og með fjárhagslegri kostun frá Reykhólum. Bent var á að Framfarafélagið hefði ekki formlega aðkomu um flutning stjórnsýslu Flateyjar frá Reykhólum til Stykkishólms en vissulega hefðu húseigendur í Flatey skoðun og áhuga á þessu máli.

- **Flatey vistvæn og græn eyja**

HS gerði að umtalsefni þá vinnu sem verið hefur í gangi varðandi framtíðarsýn um vistvæna Flatey. Í janúar var haldið íbúáþing sem sótt var af yfir 20 manns. Á þinginu voru kynntar af Arkís aðferðir við að greina stöðu Flateyjar í vistvænu samhengi með s.k. BREEAM kerfi. Sjá nánar á heimasíðu Framfarafélagsins;

http://www.flatey.com/frettir/vistvaen_flatey_ibuathing

Ákveðið var þá að vinnuhópur með félögum úr Framfarafélaginu ynnu með Arkís að draga fram vistvænar áherslur fyrir Flatey sem yrði síðan grunnur að ítarlegri úttekt. Sú vinna felst í að greina eyjuna og gildandi skipulag hennar með BREEAM kerfinu. Afraksturinn verður í formi greinargerðar sem gefur mynd af því hvernig staðan er í dag og hvernig hún væri ef farið væri í ákveðnar aðgerðir með vistvænni Flatey að leiðarljósi. Stuðst verður við fyrirbyggjandi aðal- og deiliskipulag fyrir eyjuna og þau grunnögn sem fyrir liggja. Verkefnið er í samvinnu við Reykhólahrepp og Landmótun sem eru skipulagshöfundar í Flatey og hafa unnið bæði aðal- og deiliskipulag fyrir eyjuna.

Fundurinn ályktar að áfram verði haldið með verkefnið „Vistvæn Flatey“ og Framfarafélag Flateyjar leiði það til farsælla lykta með samstarfsaðilum sínum, Flateyjarveitur, Landmótun, Arkís og Reykhólahreppi.

Samþykkt samhljóða.

- **Smábátahöfn í Flatey**

HS las upp ályktun um smábátahöfn í Flatey

Aðalfundur Framfarafélagsins haldinn 8. apríl 2014 skorar á Reykhólahrepp að koma nýrri smábátahöfn í Flatey inn í samgönguáætlun. Aðstaða fyrir minni báta er bágborin í Flatey en með auknum fjölda ferðamanna eru ýmis sóknarfæri til við að bæta þjónustu við þá t.d. með útsýnisferðum en einnig hamlar þessi aðstaða í dag þjónustu við Inneyjar. Til viðbótar er sífellt að bætast við bátafloata heimamanna og er aðstaða til sjósóknar erfið við núverandi aðstæður.

Í greinargerð með ályktunni segir svo; Á liðnum árum hefur mikil vinna verið lögð í undirbúning byggingar smábátahafnar í Flatey. Í framhaldi af skýrslu Siglingastofnunar um staðsetningu smábátahafnar og gerð forhönnunar hefur verið samþykkt nýtt aðalskipulag og deiliskipulag þar sem gert er ráð fyrir smábátahöfn í Innstapalli við Hólsbúðarvog.

Þrátt fyrir töluverða eftirgangstilburði hefur möguleg bygging smábátahafnar verið stopp og er það fullkannað að því verður ekki hreyft nema að það komist inn á samgönguáætlun.

Forsenda þess að hafnir komist inn á slíka áætlun er að til sé reglugerð um höfnina og gjaldskrá. Slíkt er fyrir hendi í Flatey, en á vef Samgöngustofu-Siglingastofnunar má finna reglugerð fyrir höfnina í Flatey; **Hafnir með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags; Flatey á Breiðafirði, 175/1947, sbr. 47/1951.**

Umræður urðu um smábátahöfn í Flatey og kom m.a fram; *Fyrirhuguð staðsetning smábátahafnar í Flatey er á hreppslandi, kröfur smábátáeigenda í Flatey eru að fyrir hendi sé viðeigandi umbúnaður um báta öllum stundum. Fram kom að framkvæmdaleyfi liggur fyrir um gerð smábátahafnar í Flatey frá Reykhólahreppi.*

Framlögð ályktun var samþykkt samhljóða.

Fundarritari GS